



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. febrúar 2015

Efni: Umsögn Kennarasambands Íslands um frumvarp til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, og lögum um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992, með síðari breytingum (aukin vinnuvernd og notendastýrð persónuleg aðstoð), þingskjal 698 - 454. mál.

Kennarasamband Íslands (KÍ) hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og málefni fatlaðs fólks (aukin vinnuvernd og notendastýrð persónuleg aðstoð), 454. mál.

KÍ hefur, ásamt fulltrúum Vinnueftirlits ríkisins, Jafnréttisstofu, Sambands sveitarfélaga, starfsmannaskrifstofu fjármála- og efnahagsráðuneytisins, ASÍ, BSRB, BHM og Samtaka atvinnulífsins, tekið þátt í starfi nefndar um endurskoðun á reglum í lögum og reglugerðum sem fjalla um einelti á vinnustað. Nefndin var skipuð í september 2011 og í apríl 2013 birti Velferðarráðuneytið drög að nýrri reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni og ofbeldi á vinnustað. Til að sú reglugerð öðlist gildi eru þær breytingar á 38. gr. vinnuverndarlaganna sem lagðar eru fram í frumvarpi þessu nauðsynlegar. KÍ hvetur því til þess að frumvarp þetta verði að lögum hið fyrsta þar sem veruleg töf hefur orðið á að nýja reglugerðin líti dagsins ljós.

KÍ styður auk þess að aukin skilvirkni við vinnustaðaeftirlit Vinnueftirlits verði tryggð með viðbót þeirri sem sett er fram við 82. gr. vinnuverndarlaganna.

Virðingarfyllt,
f.h. Kennarasambands Íslands

Hafdís Dögg Guðmundsdóttir
sérfræðingur í vinnuumhverfis- og jafnréttismálum